

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðavegar á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 20. maí 2008 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Höfðavegar á Húsavík.

Breytingin felst í að lóðirnar 6a og 6b við Höfðaveg eru sameinaðar í eina lóð, Höfðaveg 6. Á lóðinni er nú gert ráð fyrir sex íbúða fjölbýlishúsi á einni hæð í stað parhúss á tveimur hæðum. Hámarkshæð húss er 5 m og nýtingarhlutfall 0,4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Húsavík, 25. júní 2008.

Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings.